

**47. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttá-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu  
38, þriðjudaginn 29. mars 2022  
og hófst hann kl. 14:30.**

**Fundinn sátu:**

Nancy Rut Helgadóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Birna F Hannesdóttir (BFH), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓA) og Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

**Dagskrá:**

**1. Skólastefna innleiðing - 2201049**

Umræðum haldið áfram frá fundum Fræðslu-, menningar-, íþróttá- og æskulýðsnefndar nr. 45 og 46 um innleiðingu skólastefnu Tálknafjarðarhrepps.

*Farið var yfir stöðu einstakra þátta í innleiðingu skólastefnu. Flestir þættir eru í góðum farvegi og nauðsynlegt að vinnu verði haldið áfram við innleiðinguna.*

**2. Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203329**

Lagt fram til staðfestingar starfsáætlun Tálknafjarðarskóla fyrir skólaárið 2022-2023, þar sem m.a. er gert grein fyrir skóladagatali, í samræmi við 2. mgr. 29. gr. Laga um grunnskóla nr. 91/2008.

*Fræðslu-, menningar-, íþróttá- og æskulýðsnefnd staðfestir samhljóða framlagða starfsáætlun Tálknafjarðarskóla fyrir skólaárið 2022-2023, þar á meðal skóladagatal.*

**3. Skólahjúkrun í Tálknafjarðarskóla - 2203330**

Skólastjóri fór yfir stöðu skólahjúkrunar í Tálknafjarðarskóla.

*Fræðslu-, menningar-, íþróttá- og æskulýðsnefnd Tálknafjarðarhrepps telur mikilvægt að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða sinni hlutverki sínu gangvart skólahjúkrun í grunnskólum á sunnanverðum Vestfjörðum betur en verið hefur á yfirstandandi skólaári. Tryggja verður reglubundna viðveru hjúkrunarfræðings í skólum og þátttöku í starfi nemendaverndaráðs. Skorað er á stjórnendur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða að leita allra leiða til að þessari þjónustu verði betur á sinnt á næsta skólaári en því sem nú er að líða.*

**4. Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203331**

Staða starfsmannamála í Tálknafjarðarskóla fyrir veturinn 2022-2023. Skólastjóri gerði grein fyrir þeim starfsauglýsingum sem birtar hafa verið frá skólanum.

*Málið rætt. Verður tekið fyrir aftur á næsta fundi, en þá verður auglýstur umsóknarfrestur liðinn.*

**5. Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023 - 2203332**

Lagt var fram minnisblað frá skólastjóra varðandi lengda viðveru í Tálknafjarðarskóla.

*Eftir umræður var málinu frestað til næsta fundar nefndarinnar þar sem afstaða verður tekin til lengdrar viðveru á skólaárinu 2022-2023.*

**6. Mötuneyti Tálknafjarðarskóla - 2203333**

Umræðum framhaldið frá 46. fundi Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnendar þar sem nefndin gerði eftirfarandi bókun:

"Eftir umræður um framtíðarstefnu varðandi mötuneyti þar sem m.a. var tekin til viðmiðunar útkoma umhverfsvísis og tillögur að úrbótum frá vinnueftirliti var álit nefndarinnar að gott væri að setja saman vinnuhóp um möguleikana vaðrandi mötuneytið og taka í kjölfarið upplýsta ákvörðun um bestu niðurstöðuna. Umræðum frestað til næsta fundar nefndarinnar."

*FMÍÆ-nefnd leggur til við sveitarstjórn að skipaður verður þriggja manna vinnuhópur sem fer yfir starfsemi mötuneytis í Tálknafjarðarskóla og leggur mat á það með hvaða hætti sé hægt að standa að þeirri þjónustu til framtíðar.*

**7. Vinnuskóli 2022 - 2203328**

Íþrótt- og tómstundafulltrúi gerði grein fyrir skipulagi vinnuskóla sumarið 2022.

*Fræðslu-, menningar-, íþótt- og æskulýðsnefnd þakkar íþrótt- og tómstundafulltrúa yfirferðina telur rétt að skipulag vinnuskólans verði í samræmi við það sem kynnt var á fundinum.*

**8. Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022 - 2108095**

Lagt fram minnisblað skólastjóra vegna stöðu ýmissa verkefna hjá Tálknafjarðarskóla.

*Minnisblað lagt fram og rætt.*

**9. Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn - 2201063**

Erindi frá umboðsmanni barna dags. 28.01.2022 varðandi mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn og rétt barna til þátttöku og áhrifa.

*Lagt fram.*

**10. Samræmd könnunarpróf árið 2022. - 2202194**

Erindi frá mennta- og barnamálaráðherra dags. 22.02.2022 þar sem tilkynnt er um að samræmd könnunarpróf verði ekki lögð fram á árinu 2022. Jafnframt kemur fram að vinna sé hafin við hönnun Matsferils, nýrrar verkfærakistu kennara og skóla.

*Lagt fram.*

**11. Fyrirlögn PISA 2022. - 2203240**

Erindi frá mennta- og barnamálaráðherra dags. 03.03.2022 varðandi fyrirlögn PISA könnunarinnar 2022.

*Lagt fram.*

47. fundur  
06.04.2022

**12. Geta, ytra mat sveitarfélaga á skólastarfi. - 2203298**

Erindi frá Getu dags. 07.03.2022 þar sem þjónusta fyrirtæksins vegna ytra mats sveitarfélaga á skólastarfi er kynnt.

*Lagt fram.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:45.**

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Birna F Hannesdóttir (BFH)

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---

Ágústa Ósk Aronsdóttir (ÁÓÁ)

---

Guðný Lilja Pálsdóttir (GLP)